

Viðmið og vinnureglur fyrir valnefnd



Valnefnd

Vandað starf valnefndar hverju sinni er forsenda þess að *List fyrir alla* standi undir nafni. Valnefnd skal skipuð einstaklingum sem hafa faglegar forsendur og metnað til að meta viðburði af þekkingu og sanngirni. Valnefnd gæti þess að viðburðir tengdir öllum listgreinum séu framkvæmdir á vegum *List fyrir alla*.

Valnefnd skal skipuð til tveggja ára í senn, koma saman í mars/apríl ár hvert til að velja úr innsendum umsóknum og gera tillögur um viðburði og áherslur.

Valnefnd skal skipuð:

- tveimur fulltrúum frá Bandalagi Íslenskra Listamanna
- einum fulltrúa frá Kennarasambandi Íslands
- einum fulltrúa úr stjórn *List fyrir alla*
- verkefnastjóra *List fyrir alla*

Verkferill

Auglýsa skal eftir verkefnum á fyrsta ársfjórðungi ár hvert og er umsóknarfrestur að lágmarki þrjár vikur. Auglýsa skal á heimasíðum fagfélaga, heimasíðu *List fyrir alla*, á samfélagsmiðlum og í völdum fjölmiðlum. Umsækjendur fylla út rafræna umsókn á heimasíðu *List fyrir alla* með fylgiskjöllum eftir þörfum. Verkefnastjóri ber ábyrgð á að kalla saman valnefnd og fara sameiginlega yfir allar umsóknir. Í framhaldinu velur valnefnd þá viðburði sem þykja skara fram úr og henta hverju starfsári með tilliti til aldurshópa og sýnileika ólíkra listgreina.

Almennt um valnefnd

Meðlimir valnefndar skulu starfa í samræmi við markmið og áherslur *List fyrir alla*. Þeir skulu sinna starfinu sem einstaklingar en ekki sérstaklega í þágu þeirra aðila sem þeir eru fulltrúar fyrir. Þeim ber að taka ákvarðanir um gæði viðburða og meta framlag listamanna út frá eigin fagþekkingu, sannfæringu og innsæi. Hverjum meðlim ber að sinna starfi sínu af heiðarleika og metnaði. Meðlimum í valnefnd ber að láta vita ef þeir tengjast viðburðum náð og ákveður verkefnastjóri *List fyrir alla* hvornig brugðist er við því.

Vinnureglur valnefndar

Markmiðið með þessum vinnureglum er að allir sitji við sama borð þegar kemur að umsóknum, óháð tengslum, uenslum eða völdum.

1. Viðburði skal velja út frá eftirfarandi meginforsendum:
 - Viðburður skal vera viðeigandi og áhugaverður fyrir nemendur í grunnskóla.
 - Viðburður skal vera faglega unninn og við flutning skal hafa listræn gæði að leiðarljósi.
 - Valdir viðburðir skulu sýna fjölbreytni, ólík listform og listræna breidd.

2. Valnefnd ber að kynna sér vandlega alla viðburði sem lagðir eru fram. Verkefnastjóri *List fyrir alla* hefur áður farið yfir allar umsóknir og tekið þær út sem ekki falla undir reglur verkefnisins.
3. Mikilvægt er að meðlimir valnefndar umgangist þau gögn sem þeir fá afhent með trúnaði og að höfundaréttur sé virtur í huívetna.
4. Valnefnd og verkefnastjóri leggja við drengskap sinn að vinna heiðarlega og faglega og meðlimir valnefndar eru bundnir trúnaði um allt starf nefndarinnar, bæði meðan á vinnu hennar stendur og síðar. Ef upp koma álitamál eða spurningar skulu meðlimir valnefndar hafa samband við verkefnastjóra *List fyrir alla* sem sker úr um öll vafaatriði.
5. Valnefnd vinnur náíð með verkefnastjóra *List fyrir alla* en ber ekki ábyrgð á þeim viðburðum sem fara í framkvæmd á vettvangi. Verkefnastjóri *List fyrir alla* tekur að sér umsjón með þeim viðburðum sem valdir eru og sér til þess að jafnræðis sé gætt hvað varðar dreifingu viðburða á landshluta.
6. Ef umsókn er á vegum valnefndarmanns eða verkefnastjóra hafa þeir ekki ákvörðunarvald og skulu útkja af fundi á meðan ákvörðun er tekin.